

Fuglaskoðun á Snæfellsnesi og í Dölum

*Arnór Þrastarson, Háskóli Íslands, Líf- og umhverfisvísindasvið
Jón Einar Jónsson, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi
Róbert Arnar Stefánsson, Náttúrustofa Vesturlands

Fuglaskoðun innlendra og erlendra ferðamanna hefur aukist talsvert síðustu ár. Í rannsókn þessari var leitast eftir að meta hversu vel Snæfellsnes og Dalasýsla henta til fuglaskoðunar, hvaða svæði séu þar áhugaverðust og hvaða tími sumars henti best til fuglaskoðunar. Fuglar voru taldir á helstu ferðamannaleiðum á Snæfellsnesi og í Dölum. Farnar voru fimm athugunarferðir yfir sumartímann frá fyrri hluta maí og fram undir miðjan ágúst 2011. Staðsetning og fjöldi fugla af hverri tegund voru skráð og niðurstöður teknar saman fyrir þrjú aðalsvæði og 13 undirsvæði. Alls sást 71 fuglategund yfir sumartímann, þar af 61 tegund (af 77 alls) íslenskra varpfugla. Að jafnaði var styttra á milli álitlegra fuglaskoðunarstaða á Snæfellsnesi en í Dölum og meiri fjölbreytni búsvæða fyrir fugla. Líkur á að sjá haförn voru mestar í nágrenni við Klofning í Dalasýslu og í Suðureyjasiglingu Sæferða frá Stykkishólmi. Vænlegasti tími til fuglaskoðunar var í maí og júní, þ.e.a.s. skömmu áður en aðalstraumur ferðamanna um Ísland hefst, sem virðist fela í sér tækifæri til lengingar ferðamannatímans og þar með styrkingu rekstrargrunns ferðapjónustunnar á svæðinu. Stefnt er að nýtingu þessara upplýsinga í fræðsluefni til ferðamanna og ferðapjónustuaðila. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.